

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar um 362. mál á 150. löggjafarþingi – frumvarp til laga um vernd uppljóstrara.

Það er ánægjulegt að ríkisstjórnin leggi loksins fram frumvarp um vernd uppljóstrara. Það er hins vegar áhyggjuefni að skilyrði þess að uppljóstrari njóti verndar laga sé að hvatir hans að baki uppljóstrun séu göfugar. Efni umsagnarinnar varðar eingöngu það skilyrði.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins eiga löggin að gilda um starfsmenn sem greina *í góðri trú* frá upplýsingum eða miðla gögnum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda sinna. Í athugasemdum með frumvarpinu er skilyrðið um góða trú skýrt þannig að hvatimar að baki uppljóstruninni skipti máli og að háttsemi drifin áfram af persónulegri óvild eða fjandskap, eða væntingum um persónulegan ávinning, verðskuldi ekki sérstaklega ríka vernd.

Nefndin er hvött til að endurskoða þetta skilyrði og þá afstöðu að uppljóstrarar verðskuldi ekki vernd laganna ef þeir koma upp um spillingu nema þeir hafi gengið með tiltekið hjartalag til verksins. Ljóst er að það myndi draga verulega úr uppljóstrunum um ólöglegt athæfi og aðra óæskilega háttsemi sem getið er um í markmiðsákvæði frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr., 1. gr. frumvarpsins er markmið laganna „að stuðla að því að upplýst verði um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi og þannig dregið úr slíku hátterni“. Sérstök skilyrði um tiltekinn hug uppljóstrarans að baki uppljóstrun eru ekki til þess fallin að ná því markmiði.

Mikilvægi þess að slíkar upplýsingar komist upp á yfirborðið; hvort heldur er til þar til bærra yfirvalda, eða til almennings í ytri uppljóstrun, minnkar ekki þótt sá sem blæs í flautuna hafi andstæða hagsmuni við þann sem reynt hefur að leynd upplýsingunum.

Raunveruleikinn er sá að uppljóstrarinn er oftast en ekki einhver sem annaðhvort hefur orðið undir í viðskiptum við þann sem hann veitir upplýsingar um, eða hann ásælist starf hans eða getur á einhvern hátt haft persónulegan hag af uppljóstruninni. Sú staðreynd breytir því ekki að upplýsingarnar sem hann býr yfir geta átt mikið erindi upp á yfirborðið. Lögbrot er lögbrot, undanskot frá skatti eru skattaundanskot, mútugreiðslur eru mútugreiðslur, óhád því hvort sá sem ljóstraði upp um þær gerði það af því hann vildi hefna sín, njóta friðhelgi eða fá framgang í starfi.

Stærstu fréttamálin komast upp á yfirborðið vegna upplýsinga sem blaðamenn fá frá andstæðingum í pólitík eða viðskiptum, frá þeim sem orðið hefur undir á vinnustaðnum eða í viðskiptum við samferðamenn sína og frá þeim sem sjá hag sinn í að koma upplýsingum áleiðis. Skilyrði fyrir því að ákvæði löggjafarinnar um vernd séu virk ættu að varða upplýsingarnar sjálfar og hvort þær kalli á vernd fyrir uppljóstrarann en ekki hvort honum gekk gott eitt til.

Nefndin er hvött til að kanna vel þau áhrif sem skilyrði um góða trú uppljóstrara gætu haft fyrir vernd heimildarmanna blaðamanna. Það er refsivert fyrir blaðamann að greina frá nafni

heimildarmanns síns sem óskað hefur nafnleyndar. Skiptir þar engu hvort heimildarmaðurinn hafði göfug markmið í huga þegar hann kom upplýsingunum til blaðamanns, eða hvort hann vildi koma höggi á andstæðing sinn. Hið síðara er algengara í samskiptum blaðamanna við heimildarmenn. Það er svo hlutverk blaðamannsins að meta upplýsingarnar sem hann fær, hvort hann getur fengið sannleiksgildi þeirra staðfest og hvort um fréttæfni sé að ræða sem eigi erindi til almennings.

Til eru nokkur fordæmi um heimildarverndina í dómasafni Hæstaréttar. Hefur dómstóllinn aldrei velt þeirri spurningu upp hvort heimildarmaðurinn hafi haft gott eða illt í huga, enda er það sannleiks- og fréttagildi upplýsinganna sem skiptir máli. Verði frumvarpið að lögum, kann að skapast hætta á því að heimildarmenn blaðamanna njóti beinlínis lakari verndar en þeir njóta í dag og farið verði með mál þeirra á grundvelli laga um vernd uppljóstrara og vernd þeirra muni í framtíðinni taka mið af hvötunum að baki uppljóstruninni.

Taka ber fram að það er fyllilega réttmæt krafa að uppljóstrari þurfi að vera í góðri trú um að upplýsingarnar sem hann hyggst miðla séu réttar og að þær séu í raun og veru brot á lögum eða uppfylli að öðru leyti skilyrði laganna. Þar á skilyrði um góða trú heima. Bent er á að í frumvörpum sem lögð hafa verið fram reglulega á undanförmum kjörtímabilum um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara er ekki gerð krafa um góða trú og göfugar hvatir. Í þeim frumvörpum hefur verið byggt á því að uppljóstrari sé „hver sá einstaklingur sem miðlar, hyggst miðla, gerir tilraun til að miðla eða er grunaður um að miðla upplýsingum um misgerð eða er í góðri trú um að upplýsingarnar séu um misgerð.“

Hefnigimi, reiði eða von um eigin ábata af uppljóstrun ætti ekki að koma í veg fyrir að almenningur og/eða viðeigandi yfirvöld fái upplýsingar um brot á lögum, spillingu, mannréttindabrot eða aðra háttsemi sem er skaðleg hagsmunum samfélagsins eða almennra borgara, hvort heldur er á Íslandi eða annars staðar í heiminum.

Undirrituð er reiðubúin að koma á fund nefndarinnar og gera nánari grein fyrir umsögninni.

Reykjavík, 14. nóvember 2019,
Aðalheiður Ámundadóttir